

Enska - 8. bekkur

Markmið, kennsluaðferðir og kennarar

Markmið og kennsluaðferðir:

Kenndar verða 2 kennslustundir á viku (2x60 mín.).

Leitast verður við að þjálfar nemendur í öllum færnipáttunum, þ.e. lestri, hlustun, tali (frásögn og samskipti), ritun ásamt menningarläsi. Notast verður við kennslubókina **Spotlight 8**, ásamt vinnubók, hlustunarefni og leikrænum æfingum. Í enskunni verður einnig unnið með tónlist, myndbönd og bíómyndir og nemendur vinna bæði sjálfstætt og í hópum.

Verkefni utan vinnubókar verða unnin í stílabók og Chromebook ásamt kynningum og leik fyrir framan bekkinn. Aukaefni fylgir námsefninu. Nemendur læra málfræðireglur sem eru í vinnubók. Nemendur skila 3 ritunum á önn. Viðfangsefni ritana er daglegt líf og annað sem tengist námsefninu hverju sinni. Áhersla verður lögð á fjölbreyttan orðaforða og stafsetningu.

Lögð verður áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og reynt af bestu getu að koma til móts við þarfir og reynslu hvers nemanda.

Bráðgerir nemendur fá tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni. Í einhverjum tilfellum þar sem nemendur hafa þörf fyrir aukinn stuðning gefst kostur á aðlöguðu námsefni.

Kennarar: **Bella Debbie Jane Víðisdóttir** (bellav@seltjarnarnes.is) og **Sigfús Haukur Sigfússon** (sigfuss@seltjarnarnes.is)

Námsmat

Einkunnir eru gefnar fyrir einstök hæfniviðmið en hæfniviðmið liggja á bak við verkefni nemenda. Nemendur/foreldrar geta séð hvaða hæfniviðmið liggja að baki hverju verkefni þegar farið er inn í námslotur námsgreinarinnar á Mentor. Í janúar fá nemendur mat fyrir haustönnina í heild sinni og í maí fá nemendur námsmat fyrir allt skólaárið.

- Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D, L og Ó). Auk þess fá nemendur **lokið** eða **ólokið** fyrir verkefni í Mentor.

Haustönn 2025

Vinnubók 20%

Ritanir 20% (3)

Kaflapróf og orðaforðakönnun 20% (1)

Ólesinn texti 10%

Málfræðikönnun 10% (1)

Ferðabæklingur um Svíþjóð 20% (*paraverkefni*)

Vorönn 2026

Vinnubók 10%

Ritanir 20% (3)

Hlustunarpróf 5%

Málfræðikönnun 20% (2)

Tískuverkefni + kynning 20% (*paraverkefni*)

Leikræn tjáning og handritsgerð 5% (*paraverkefni*)

Veggspjaldavinna um Bretland 20% (*hópverkefni*)

Námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni
- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti	Koma fram við nemendur og kennara með virðingu og umburðarlyndi.	Viðbrögð við ritstuldi og prófsvindli	Nemendur læra að virða hugverk annarra og þróa eigin færni í að skrifa og vinna á réttan hátt með heimildir. Viðbrögð:
------------------	--	--	---

			- Nemandi fær tækifæri til að vinna verkefnið að nýju með leiðsögn. - Við endurtekið brot fær nemandi D fyrir metin hæfniviðmið og getur ekki skilað verkefninu inn að nýju. - Nemandi sem er uppvís að svindli á prófi fær undantekningarlaust D fyrir metin hæfniviðmið.
Mæting og virkni í tímum	Nemendur mæta á réttum tíma með kennslugögn í kennslustundir og vinna eftir áætlun, sinna náminu með samviskusemi og metnaði. Nemendur taka þátt í umræðum og verkefnavinnu. Nemendur sýna frumkvæði og beita gagnrýninni hugsun.	Heimavinna og hjálpargögn	Miðast við vinnuframlag í kennslustund. Hljóðbækur, raðbækur og ýmis konar efni er hægt að nálgast á www.mms.is og einnig á Google Classroom.
Hlutverk nemenda	Að setja sér persónuleg og námsleg markmið, ígrundað árangur og mistök. Að koma fram við samnemendur og kennara af virðingu. Að virða skilafrest verkefna. Að virða reglur skólans. Að þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu.	Hlutverk kennara	Að búa til gott námsumhverfi, fara yfir verkefni, próf og beina nemendum á þá braut þar sem þeir verða besta útgáfan af sjálfum sér. Að miðla þekkingu og leitast við að mæta ólíkum þörfum nemenda Að koma fram við nemendur af virðingu og ábyrgð.

Lykilhæfni í námsgrein

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfniviðmið í námsgreininni:

Nemandi getur:

- Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum.
- Nýtt ólíka miðla á ábyrgan hátt til að afla, greina og miðla upplýsingum og skoðunum.
- Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi.
- Brugðist við margvíslegum upplýsingum og hugmyndum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.

Námsáætlun (ATH. birt með fyrirvara um breytingar)

Tímabil og viðfangsefni	Hæfniviðmið Byggð á matsviðmiðum við lok 10. bekkjar. Sjá nánar í skólanámskrá.	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
ágúst - september Ritun 1 Spotlight 8: Kafli 2 (Me and You and Everybody Else) Orðaforðakönnun úr 2. kafla Ritun 2: Bíómynd + kvikmyndarýni október - desember Málfræðikönnun Ritun 3	<i>Nemandi getur:</i> • Fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt (hlustun og áhorf) • hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim (hlustun og áhorf) • Lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum (lestur og lesskilningur) • Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum (samskipti)	Vinnubók með fjölbreyttum verkefnum verður metin í lokin. Málfræði metin út frá málfræðiæfingum og málfræðikönnun. Hlustunarskilningur og lesskilningur metin með verkefnum og prófum. Kaflapróf og orðaforðakönnun meta hvort nemendur hafa meðtekið efnið. Orðaforði og stafsetning metin út frá ritunum.	<i>Nemandi:</i> • skrifar persónulegan texta. • les valinn texta úr lesbók og vinnur verkefni úr vinnubók. • æfir hlustun og lestur. • horfir á bíómynd og skrifar kvikmyndarýni. • vinnur hópverkefni í samvinnu við aðra. • leysir málfræðiverkefni.	Spotlight 8 lesbók og vinnubók Stílabók fyrir ritunarverkefni Bíómynd Ýmsir lestextar Ýmsar hlustunaræfingar Málfræðiverkefni Veggspjaldavinna Canva Google Docs iPad

Spotlight 8: Kafli 3 (Sweden Ahoy!) Könnun úr 3. kafla og ólesnum texta Ferðabæklingur um Svíþjóð Janúar - mars Ritun 1 Hlustunarpróf Ritun 2: Leikræn tjáning og handritsgerð Spotlight 8: Kafli 5 - (Fashion and Looks) Myndbandsgerð: Fashion evolution Málfræðikönnun apríl - júní Spotlight 8: Kafli 7 (Britain Is Great!) Könnun úr 7. kafla	• tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós (samskipti) • Flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum (frásögn) • Beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi (frásögn) • Sýnt góð tæk á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi (ritun) • Greint á milli helstu afbrigði tungumálsins (menningarlæsi)	Rafrænt verkefni: unnið verður með Google Forms til að meta hæfni þeirra. Myndbandsgerð: Nemendur nota sköpunarkrafta sína til að búa til flott tísuverkefni. Samvinna metin með hópverkefnum. Ritun og talað mál metin með samvinnuverkefni.	• hlustar eftir upplýsingum úr miðli og vinnur verkefni. • undirbýr kynningu á paraverkefni fyrir bekkinn og flytur kynninguna. • semur texta og tjáir sig á leikrænan hátt.	
---	---	---	--	--

Veggspjaldavinna um Bretland				
Sagnapróf				
Ritun 3: Bíómynd + kvikmyndarýni				